

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Tryggva Guðmundssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. september 1979.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs Tryggva Guðmundssonar.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Tryggva Guðmundssonar. Hann er stofnaður til minningar um Tryggva Guðmundsson, sem var fæddur 4. febrúar 1963 og lést 29. janúar 1979.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Júlíönu Tryggvadóttur og Guðmundar I. Gestssonar svo og frá kennurum og nemendum Oddeyrarskóla og önnur framlög, sem borist hafa. Stofnféð er að upphæð kr. 170 000.00.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar félögum í íþróttafélagi fatlaðra á Akureyri, svo sem með því að styrkja þá til utanlandsfarar á íþróttamót og til náms í íþrótt sinni eða útvega þeim kennslu eða námsaðstöðu. Stjórn sjóðsins skal heimilt að veita úr sjóðnum fé til þessa samkvæmt 5. gr. þegar henni þykir ástæða til og æskilegt væri að veiting færi fram 4. febrúar ár hvert.

#### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru a) Vextir af fé hans. b) Andvirði af minningarspjöldum, sem stjórn sjóðsins lætur gera og verða til sölu. c) Aðrar tekjur.

#### 5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita úr sjóðnum allt að vöxtum hans árlega, þar til höfuðstóll hans hefur náð kr. 500 000.00. Þegar sjóðurinn hefur náð þeirri upphæð má veita úr honum, auk vaxtanna, helmingi tekna hans samkvæmt 4. gr. a), b) og c), ársins á undan.

Þegar upphæð sjóðsins hefur náð kr. 1 000 000.00 má veita árlega allt að 9/10 hlutum allra tekna hans næsta almanaksárs á undan úthlutun. Óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, tveimur úr Í. F. A. og einum frá Í. B. A.

#### 7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum er skipaðir eru af Í. B. A. og Í. F. A.

#### 8. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Landsbankaútibúi á Akureyri með sem hagstæðustum kjörum. Eigi má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann, enda er sjóðurinn í ábyrgð sjóðsstjórnar.

## 9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að tillögur um þær séu bornar fram af sjóðsstjórninni og séu samþykktar samhljóða af Íþróttafélagi fatlaðra á Akureyri.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Hofskirkju, í Skagahreppi, A-Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. nóvember 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Hofskirkju. Stofnaður 4. nóvember 1978, af hjónunum Hilmari Árnasyni og Aðalheiði Magnúsdóttur, Hofi, Skagahreppi.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Hofskirkju í Skagahreppi, A.-Húnavatnssýslu, og er hann stofnaður með gjöf hjónanna Hilmars Árnasonar og konu hans Aðalheiðar Magnúsdóttur, Hofi, Skagahreppi, með gjöf að upphæð kr. 250 000.— tvö hundruð og fimmtíu þúsund 00/100 —.

## 2. gr.

Sjóðurinn er eign Hofskirkju í Húnavatnsprófastsdæmi. Tekjur hans eru vextir, gjafir og annað sem honum kann að áskotnast.

## 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða en vöxtum og öðrum tekjum hans skal verja til viðhalds, fegrunar, og endurbyggingu Hofskirkju, ef þurfa þykir og til reksturs hennar.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar sóknarnefnd Hofskirkju á hverjum tíma.

## 5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Skagastrandar eða annarri peningastofnun sem stjórn sjóðsins telur örugga og hefur ríkisábyrgð.

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir af þeim aðilum sem endurskoða kirkjureikningana.

## 7. gr.

Skipulagsskrá þessi er samhljóða óskum stofnenda sjóðsins, sem undirrita hana og skal leita staðfestingar forseta Íslands á henni.